

SKÓLANÁMSKRÁ
VALLARSEL
2026-2028



Efnisyfirlit

Um leikskólann	4
Námskrá og starfsáætlun	4
Hugmyndafræði Vallarsels	5
Jákvæður agi	5
Sjálfstjórnarkenningar	5
Megináherslur Vallarsels	6
Tónlist	6
Markmið okkar í tónlist:	6
Frjáls leikur	7
Markmið Vallarsels eru	7
Gildin okkar - jákvæðni, nærvera og virðing	7
Leikskólaperlan	8
Grunnþættir menntunar	9
Læsi og samskipti	9
Markmið	9
Leiðir	9
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	9
Heilbrigði og vellíðan	10
Markmið	10
Leiðir	10
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	10
Sköpun og menning	10
Markmið	11
Leiðir	11
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	11
Sjálfbærni og vísindi	11
Markmið	12
Leiðir	12
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	12



Lýðræði og mannréttindi.....	12
Markmið	13
Leiðir	13
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	13
Fjöltyngi og fjölmennning	13
Hvernig vinnum við með fjöltyngi og fjölmenningu	13
Námsumhverfi	14
Sérfræðiþjónusta	14
Mat á leikskólastarfi	14
Innra mat	15
Matsaðferðir:	15
Kynning á leikskólanum og dagleg samskipti.....	16
Foreldraviðtöl	16
Foreldraráð.....	16
Foreldrafélag	16
Tengsl skólastiga	16
Samstarf leikskóla og grunnskóla.....	16
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.	17
Að lokum	17



Um leikskólann

Leikskólinn Vallarsel er staðsettur við Skarðsbraut 6 og var tekinn í notkun 20. maí 1979. Þá voru tvær deildir í skólanum með tvískiptan vistunartíma, fyrir og eftir hádegi. Árið 1985 var opnuð dagheimilisdeild, eins og það hét þá. Þar dvöldu eingöngu börn sem voru allan daginn í leikskólanum. Árið 1992 fékk skólinn formlega nafnið Vallarsel. Í lok árs 2002 var ákveðið að stækka skólann um þrjár deildir. Haustið 2004 var allur skólinn tekinn í notkun eða sex deildir. Deildirnar heita Skarð, Jaðar, Vellir, Lundur, Stekkur og Hnúkur og vísa nöfn þeirra í staðhætti í nágrenni Akraness. Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra/forráðamenn kappkostar leikskólinn að veita börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Námskrá og starfsáætlun

Í maí 2011 var gefin úr ný aðalnámskrá allra skólastiga í stað Aðalnámskrár leikskóla sem var gefin út í júní 1999. Á grunni Aðalnámskrár 2011 er Skólanámskrá Vallarsels unnin. Unnið hefur verið eftir skólanámskránni frá því 2013 hefur hún reglulega verið uppfærð og einfölduð til upplýsingar fyrir alla.

Í skólanámskránni koma fram helstu áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra/forráðamenn og nær samfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

- Að skipuleggja uppeldi og nám barna.
- Að stuðla að skilvirkara starfi.
- Að gera leikskólastarfið sýnilegra.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í samskiptum, umönnun, leik og skapandi starfi þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska. Uppeldi og menntun leikskólabarna er jafnframt samvinnuverkefni allra starfsmanna í leikskólanum þar sem velferð og hagur barnanna er hafður að leiðarljósi.

Áhersla er lögð á að annast börnin bæði líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfsáætlun er gefin út í byrjun hvers skólaárs. Þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er að gerast í hverjum mánuði fyrir sig og lesa nánar um þá daga sem auðkenndir eru.

Starfsáætlanir Vallarsels er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans á

<https://www.vallarsel.is/is> undir Skólastarf.

Hugmyndafræði Vallarsels

Í leikskólastarfi er sótt í smiðjur ýmissa kennimanna til að móta starf skólans og ramma þannig inn enn frekar áherslur í starfinu. Í Vallarseli er í grundvallaratriðum tekið mið af hugmyndafræði heimspekingsins John Dewey (1859 – 1952). „Learning by doing“ að læra með því að framkvæma, hugmyndafræði Lev Vygotsky (1896 – 1934) sem sagði að hlutverk menntunar ætti að vera að sjá börnum fyrir efnivið og verkefnum sem færðu börnin ávallt upp á „svæði mögulegs þroska“ „Zone of proximal development“ og hugmyndafræði Jákvæðs aga sem byggir á sjálfstjórnarkenningum. Höfundar hennar eru Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl.

Jákvæður agi

Leikskólinn vinnur að innleiðingu hugmyndafræði jákvæðs aga en jákvæður agi byggir á sjálfstjórnarkenningum sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun eða refsingu eins og lengi og áður hefur tíðkast.

Hugmyndafræði jákvæðs aga gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilinu og vinnustöðum sem einkennast af umhyggju og byggir á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu.

Við lítum svo á að börn verða ábyrgðarfull þegar þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni, þar sem virðing, góðvild og festa er til staðar.

Börn verða að fá tækifæri til að þroska og efla með sér færni í að finna lausnir og setja mörk í samvinnu með fullorðnum.

Sjálfstjórnarkenningar byggja á eftirfarandi:

- Hegðun er knúin áfram af innri þörfum og stýrist af þörfinni til að tilheyra
- Við höfum mest áhrif þegar við eigum í samskiptum, sem byggjast á gagnkvæmri virðingu.
- Áhrifamestu verkfærin sem við höfum eru samhygð, skilningur, þrautalausnir, góðvild og festa.
- Virðing verður að vera gagnkvæm, í samskiptum eiga allir aðilar skilið virðingu.
- Viðbrögð við óæskilegri hegðun krefst þess að við leitum orsaka, finnum lausnir og fylgjum ákvörðunum eftir.
- Viðbrögð við hættulegri hegðun þarf að vera skýr eftirfylgni og rökréttar afleiðingar.
- Nám fer fram þegar barn upplifir tilgang, sjálfsstjórn, þátttöku.

Hægt er að lesa sér meira til um Jákvæðan aga á <https://jakvaeduragi.is/>

Dewey lagði þannig áherslu á að með fjölbreyttum verkefnum og efnivið í öllu starfinu fengi barnið í sinni uppgötvun, reynslu og þekkingu að þróa áfram leik sinn og samskipti. Með



tilraunum og leitinni að eigin lausnum lærði það gagnrýna hugsun sem áfram myndi leiða þau til meiri þroska.

Vygotsky lagði áherslu á að í leikskóla lærðu börnin að sjálfsdádum í gegnum leikinn og samræðurnar við kennarann sem fylgdi þeim eftir með leiðbeiningum og stuðningi. Þannig væru þau alltaf með verkefni sem leiddu þau áfram upp á næsta svæði.

Allt þetta fellur vel að vinnulagi okkar í Vallarseli þar sem sköpunin í gegnum tónlist, samræðuna og frjálsa leikinn ber hæst. Og með því að tryggja þeim verkefni og efnivið við hæfi skapast alltaf aðstæðurnar til að komast upp á næsta svæði.

Megináherslur Vallarsels

Tónlist

Vallarsel hefur unnið markvisst með tónlist frá árinu 1998 og á þessum árum hefur orðið til mikil þekking og reynsla á tónlistarvinnu með börnum. Afrakstur þessarar vinnu er Tónlistarnámskrá sem unnið er með á hverri deild. Í Vallarseli er tónlistarstjóri á hverri deild sem leiðir tónlistarstarfið. Unnið er einu sinni í viku í tónlistartímum og tónlistarverkefni eru unnin alla vikuna á milli tónlistartíma. Leitast er við að hafa tímana fjölbreytta, skemmtilega og fræðandi. Tónlistin er fyrst og fremst gleðigjafi og skemmtileg leið til þroska. Tónlist nær til og örvar minnst sex svæði í heilanum. Hún eykur greind á mörgum sviðum og styrkir meðfædda getu. Kanadísk rannsókn sýnir að flest ung börn bera ótrúlegt skynbragð á tónlist. Þegar barnið spilar á hljóðfæri og er virkur þátttakandi í tónlist taka stöðvar heilans virkan þátt, fremur en að gegna aðeins hlutverki skrásetjara. Einnig sýna tilraunir við háskólann í Hannover að tónlistarnám eykur greind, það eflir vitsmuna- og tilfinningaþroska og félagsfærni. Þá gefur tónlistin okkur mörg tækifæri til að koma fram, bæði innan veggja skólans og utan. Við höldum úti metnaðarfullu tónlistarstarfi með tónleikum fyrir foreldra í desember og maí ár hvert, ásamt stórum tónleikum elstu deildar á menningarhátíðinni Vökudögum á hverju hausti. Þeir tónleikar eru gjarnan í samvinnu við aðra tónlistarmenn.

Markmið okkar í tónlist:

- Að efla alhliða þroska barna í gegnum leik og starf með tónlist.
- Að efla söng og sönggleði sem grundvallaratriði í tónlistaruppeldi.
- Að börn nemi grunnatriði tónlistar með samleik tóna og hreyfingar.

Áherslupættirnir okkar í tónlist eru:

- Söngur: samsöngur og sjálfsprottinn söngur í leik.
- Hrynþjálfun: þjálfun tilfinninga fyrir púls og hryn.
- Hreyfing: með tónlist og í tónlistarleikjum. • Hlustun: fjölbreytt tónlist frá ýmsum löndum, klassísk sem og ný tónlist.
- Hugtök í tónlist: stíll, blær, tónhæð, hraði, styrkur, hrynur, púls og tónlengd.
- Hljóðfæravinna: með fjölbreytt hljóðfæri og hljóðgjafa.



Frjáls leikur

Í Vallarseli er lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn og börnum er gefinn rúmur tími til þess að þróa hann. Aðalnámskrá leikskóla (2011) gerir mikið úr mikilvægi leik barna en þar segir: “Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild ”

Leikurinn er aðaltjáningarform yngstu barnanna og uppspretta náms þeirra. Leikurinn er börnum eðlislægur og þau nýta öll tækifæri sem gefast til leiks. Leikurinn tilheyrir bernskunni og er það mikilvægasta sem börn taka sér fyrir hendur. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra”.

Leikur er mikilvægur hluti af lífi barna og því hvernig þau skilja heiminn. Í leik eiga börn samskipti, þau skapa og mynda með sér skilning á umheiminum og á milli barna ríkir gagnkvæmur skilningur og samstaða. Þau öðlast reynslu í að leysa úr vandamálum og í gegnum leik læra börn um að allir hafi sinn rétt og að allir geti haft áhrif á leikinn. Í leik læra börn hvert af öðru, þau þurfa að semja um leikinn og taka tillit til annarra. Þegar börn á ólíkum aldri og með ólíka reynslu leika sér saman geta skapast tækifæri til þess að gera tilraunir með leikinn og stækka þann heim sem skapast í leiknum

Markmið Vallarsels eru

- Að börnin tileinki sér þá hæfni sem krafist er af þeim til að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra.
- Að börnin læri þannig að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.
- Að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og öllu umhverfi sínu og öðlist á þann hátt hæfni í að tjá sig og afla sér nýrrar þekkingar.

Í leikskólanum Vallarseli er borin virðing fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins. Öll börn eru einstök, með sinn persónuleika og einkenni. Við viljum fagna fjölbreytileika barnanna og horfa á hvað hvert og eitt barn hefur fram að færa.


Gildin okkar - jákvæðni, nærvera og virðing

Börnin eru að læra og æfa sig allan daginn. Við viljum leggja áherslu á jákvæðni, nærveru og virðingu sem hluta af uppeldisstarfinu. Með jákvæðni viljum við draga fram gleði sem leiðir af sér góða nærveru. Nærveru sem inniheldur hlýju, umhyggju, vináttu og samvinnu sem er lykilþáttur í leikskólastarfi.

Áhersla er lög

- Að þörfum barna sé mætt á þeirra forsendum í námi, starfi og leik
- Að börnin nái að þroskast á eigin forsendum
- Að börnin geti ræktað hæfileika sína og lifað ábyrgu lífi

Leikskólaperlan



Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið. Sá flötur er gulur, litur sólarinnar.

Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur, tákn sambættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst en þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta sambættis og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á. Hann er læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, sambætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni var unninn í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011 af leikskólafulltrúanum Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærður af Sesselju Hauksdóttur leikskólafulltrúa. Hér í framhaldi verður fjallað um hvern grunnþátt menntunar fyrir sig en hafa ber í huga að námssviðin skarast og eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs, leik og daglegri umönnun.



Grunnþættir menntunar

Læsi og samskipti

Meginmarkmið læsis er að börnin séu virkir þátttakendur í að búa til sína eigin merkingu í umhverfið og bregðist á, persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem þau geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálf síns og samfélagsins. Unnið er samkvæmt Læsisstefnu leikskóla Akraness.

Markmið

- Að efla færni barna í að taka þátt í almennum samræðum
- Að efla hlustun og tjáningu
- Að börnin nái góðu valdi á íslenski tungu
- Að efla hæfni barna til jákvæðra og uppbyggilegra samskipta við aðra í daglegu starfi
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Að efla sjálfstæði barna og sjálfsmynd
- Að efla félagslega færni í leik og starfi

Leiðir

- Að hafa leikinn í fyrirrúmi,
- Að tengja málörvun við allar daglegar athafnir og hafa í huga virka hlustun, máltjáningu og orðaforða.
- Að setja orð á hluti og athafnir.
- Að vinna markvisst með Lubbi finnur málbein þar sem áhersla er lögð á íslensku máhljóðin og tákn þeirra.
- Að hafa ritmálið sýnilegt á deildum.
- Nota TMT.
- Að nota myndrænt skipulag á deildum,
- Að hafa mál- og læsisörvandi efnivið aðgengilegan á leiksvæðum.
- Að lesa fyrir börnin daglega, hafa bækur aðgengilegar og að lestrarefni sé við hæfi.
- Bókasafnsferðir, hlusta á upplestur og fleira.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

- Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig. Aldrei má beita barn ofbeldi eða niðurlægja það, svo sem vegna brota á skólareglum.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan án tillits til félagslegrar stöðu. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og andlegri vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið

- Að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.
- Að gefa nægan tíma til að nærast.
- Að veita börnum tækifæri til hvíldar og slökunar.
- Að efla sjálfsmynd barna.
- Að skapa tækifæri til daglegrar hreyfingar.
- Að efla færni barna í daglegri og persónulegri umhirðu

Leiðir

- Bjóða upp á ávaxtastundir.
- Stuðla að tannvernd með tannverndarviku/heimsókn á tannlæknastofu eða tannlækni
- Bjóða upp á hreyfileiki bæði inni og úti.
- Slökun; hlusta á sögu, tónlist og hvíld eða svefn.
- Viðhafa ró á matmálstímum, loka á milli rýma.
- Nota markvisst hrós og virka hlustun.
- Fara í gönguferðir/vettvangsferðir með ákveðin markmið í huga
- Kenna börnum almennt hreinlæti og leiðbeina þeim í matartíma, í fataherbergi, í leik og með salernisferðir.
- Að börnin taki þátt í tiltekt á því sem þau voru að leika með.
- Að börnin leggi á borð, læri að borða með hnífapörum og viðhafi almenna borðsiði.
- Nota matmálstíma í notalegt spjall.
- Snerting og umhyggja. Viðhafa hlýlegt andrúmsloft á deildinni

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

- Börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.

Sköpun og menning

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur



og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpun felst einnig hagnýting hugmynda. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er gott að sjá í öllu námi og skólastarfi.

Markmið

- Að tónlist sé daglegur hluti af lífi, leik og námi.
- Að börnin njóti sín í tónlistarstarfi.
- Að skapandi starf beinist að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.
- Að tækifæri séu gefin til að kynnast íslenskum hefðum og hátíðum.
- Að efla fræðslu um menningu annarra þjóða ásamt okkar.
- Að skapa aðstæður fyrir skapandi leik sem hefur ótakmarkaða möguleika.

Leiðir

- Markviss vinna með tónlist, hljóðfæravinnu, söngtexta, þulur og hreyfisöngva.
- Að börnin hafi meira val um efnivið og hvernig unnið sé með hann.
- Að bjóða upp á opinn efnivið.
- Halda fast í íslenskar hefðir.
- Fræðast um uppruna barna af erlendu bergi brotnu sem eru í leikskólanum.
- Að auka áhrif barna í skapandi starfi í listasmiðjunni, þ.e. minni stýring.
- Vettvangsferðir í söfn, bókasöfn, tónleika og kenna þeim þar viðeigandi hegðun og að njóta þess sem boðið er upp á.
- Hljóðfæravinna og söngur
- Fá leikhópa í leikskólann, setja sjálf upp leiksýningar og æfa okkur að koma fram fyrir aðra

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

- Öll börn eiga rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi.

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni er þátttaka í lífinu sjálfu. Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.



Markmið

- Að efla tækifæri barna til að rannsaka og uppgötva.
- Að auka virðingu barna fyrir lífríki jarðar og nýtingu náttúrunnar.
- Að auka skilning barna á umhverfi sínu.
- Að börnin upplifi merkingarbæra reynslu.
- Að vekja börnin til umhugsunar um ýmis málefni sem tengjast umhverfi og náttúru.
- Að efla tækifæri barna til að nýta sér tæknina til að gera starfið sýnilegt.

Leiðir

- Horfa, hlusta, rannsaka og bera saman.
- Leikur í umhverfinu, snerta, hanna og kanna. Nota efnivið úr umhverfinu.
- Leyfa börnunum að gera sjálf “learning by doing”.
- Vettvangsferðir/gönguferðir um nánasta umhverfi.
- Fræðsla um umhverfið,
- Kenna börnum að telja
- Ruslatínsla á Degi náttúrunnar.
- Taka ljósmyndir í starfinu og setja á heimasíðuna, sýn barnanna á umhverfi sitt.
- Flokkanir og endurvinnsla á sorpi sem fer fram á deildum og þátttaka barnanna í því ferli.
- Gróðursetning kartöflur og fræ.
- Stærðfræði; leika með Einingakubba og fleira.
- Veðurathuganir; veðurfræðingur, veðurdagbók
- Börnin fá hlutverk;

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

- Fjölskyldur bera ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín. Eftir því sem börn verða eldri hafa þau minni þörf fyrir leiðsögn fjölskyldna sinna. Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Auknar kröfur eru um að fjallað sé um lýðræði barna í menntun þeirra. Þetta sést víða t.d. eru lýðræði og mannréttindi hluti af grunnþáttum menntunar, skólarnir eiga að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna Hluti af lýðræði er að hafa kost á því að hafa áhrif á það sem boðið er uppá í nærumhverfi



Markmið

- Að læra lýðræðislega starfshætti, þ.e. að kunna að athafna sig á lýðræðislegan hátt.
- Að læra að lifa í lýðræðislegum samskiptum við aðra, tileinka sér lýðræðislegar lífs- og starfsvenjur.
- Að taka þátt í mótun lýðræðislegra samfélagshátta og samfélagsgerðar

Leiðir

- Jákvæður agi-virðing og festa fyrir alla, alltaf-sameiginlegar reglur þvert á leikskólann
- Velja leikefni-börnin velja leikefni í samráði við önnur börn þegar fleiri en einn leika saman.
- Barnafundir eru haldnir
- Að koma fram í leikskólanum, standa frammi fyrir hópnum og láta rödd sína hljóma eru í raun að nýta lýðræði sitt.
- Hluti af lýðræðismenntun barnanna er líðankönnun sem er lögð fyrir elsta árganginn að vori fyrir upphaf grunnskólagöngu
- Í hverjum mánuði fær ein deild að velja hvað verður í matinn einn dag fyrir allan skólann. Þá eru myndir af þeim mat sem er í boði og börnin velja hvaða mat þau vilja og svo er meirihlutinn sem ræður. Val hverrar deildar er svo sett á matseðil mánaðarins

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

- Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

Fjöltyngi og fjölmennning

Um 23% barna í Vallarseli eru fjöltyngd börn. Fjöldi tungumála ásamt íslensku eru 10 talsins og lítum við á fjölbreytileikann sem verkefni og tækifæri fremur en hindrun. Það er langtímaverkefni fyrir börn að læra íslensku sem annað mál og þau þurfa markvissa kennslu og aðstoð við það. Vallarsel reynir í daglegu starfi að koma til móts við þarfir allra barna. Mikilvægt er að umhverfi barnanna sé hvetjandi og mynðrænt. Börnum er kennd íslenska í gegnum markvissa íslenskukennslu, samskipti og leik. Umhverfið og aðgerðir eru gerðar auðveldari með mynðrænum skýringum og Tákn með tali. Við leggjum áherslu á örvun og kennslu í barnahópnum. Þau læra tungumálið í samhengi við athafnir og samskipti þar sem orð eru sett á hluti, athafnir og reynslu jafnóðum. Mikilvægt er að þau hafi málfyrirmyndir, bæði í barna- og starfsmannahópnum

Hvernig vinnum við með fjöltyngi og fjölmenningu

- Spilum málörvandi og málhvetjandi spil og verkefni.
- TMT
- Förum í leiki sem gera kröfu á að börnin tjái sig.

- Tölum í stuttum og skýrum setningum og endurtökum.
- Setjum orð á athafnir.
- Tökum barnið reglulega í fangið og skoða með því myndabækur með einföldum og skýrum myndum.
- Leikum við barnið
- Notum áþreifanlega hluti s.s. sækja fötin þeirra í fataherbergi, ná í áhöld í eldhúsið, hiti, kuldi.
- Hafa í huga að börnin læra með því að gera, snerta og vinna.
- Vera viss um að barnið sjái andlit þess sem það talar við, að það sé augnsamband til staðar.
- Að hlusta á barnið og bregðast við leik þess með tungumálinu.
- Að leika við barnið og nota leiki sem gera ráð fyrir að þið skiptist á
- Nota endurtekningu og eftirhermu í ríku mæli.
- Tónlist og menning

Námsumhverfi

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskólans og leikskólabörn læra bæði úti og inni. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi og eiga bæði börn og fullorðnir rétt á því að finna til öryggis jafnt innan veggja skólans sem og á útileiksvæði.

Dagskipulagið er ramminn utan um starfið sem fram fer í leikskólanum, úti og inni. Innan dagskipulagsins er leitast við að skapa festu sem veitir börnunum öryggi, skapa jafnvægi á milli skipulagðra stunda og frjáls leiks. Dagskipulagið er sveigjanlegt en fastar skipulagðar stundir ýta undir öryggistilfinningu hjá börnum, og hjálpar þeim að átta sig á því hvað er næst á dagskrá.

Sérfræðipjónusta

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga í leikskólum stuðlar að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Hún veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telur þess þurfa. Sérkennslustjóri heldur utan um öflugt teymi sérfræðinga sem starfar við leikskólann. Í teyminu eru þroskaþjálfar, sálfræðingur, talmeinafræðingur og aðrir uppeldismenntaðir sérfræðingar sem starfa í nánun samstarfi við foreldra/ forráðamenn, deildarstjóra og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum barnsins. Leiðsögn og stuðningur tekur mið af þörfum hvers barns og er unnin í nánun samráði foreldra/forráðamenn og sérfræðinga. Öll börn fá þannig tækifæri til þess að geta notið sín í hópi barna, efla sjálfstraust sitt og styrkja sjálfsmýnd.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á



skólastarfi er tvíþætt og annars vegar er um að ræða mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat

Innra mat er á ábyrgð leikskólans og hluti af faglegu starfi.

Niðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki, foreldraráði og skólanefnd eftir því sem við á hverju sinni. Matið er unnið af starfsfólki og er því ætlað að veita upplýsingar um starfshætti, þróun og gæði skólastarfsins. Þar er tekið tillit til sjónarmiða alls leikskólasamfélagsins.

Matsaðferðir:

- **Vinnustaðgreining** greinir styrkleika og áskoranir í innra umhverfi og tækifæri til úrbóta. Hún er unnin með kennurum og starfsfólki skólans.
- **Starfsmannakannanir** sem starfsmenn svara. Spurt er bæði um líðan og vellíðan og einnig það sem snýr að skólastarfi, námi barna og stjórnun leikskólans
- **Skólapúlsinn**, er foreldrakönnun sem notuð er til þess að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Þar eru foreldrar/forráðamenn spurðir út í ákveðna matsþætti sem hafa áhrif á skólastarfið.
- **Hljóm-2** er athugun á hljóðkerfis- og málvitund og er lögð fyrir elstu nemendur leikskólans. Tilgangurinn með athuguninni er að greina nemendur sem hugsanlega gætu lent í lestrar erfiðleikum síðar meir svo hægt sé að vinna með niðurstöðurnar á fyrirbyggjandi hátt í leikskólanum.
- **Íslenski þroskalistinn** er notaður til að skima þroska 3ja til 6 ára nemenda á mál- og hreyfisviði. Hreyfisvið nær yfir fínhyfingar, grófhreyfingar og sjálfsbjörg. Málsvið er hlustun, tal og nám. Listinn er íslenskur og staðlaður fyrir íslenskar aðstæður.
- **Orðaskil** byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.
- **TRAS** er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.
- **MIO** er skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Það varð til í Háskólanum í Stavanger eins og TRAS skimunarefnið sem margir leikskólar á Íslandi nota. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni, í þeim mánuði sem það er tveggja og hálfs árs, þriggja og hálfs árs og fjögurra og hálfs árs. Skimuninn fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni. Matið tekur til þriggja meginviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi.

Kynning á leikskólanum og dagleg samskipti

Foreldrum er boðið á kynningarfund að vori, áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þar er farið yfir aðlögun barnsins og þátttöku foreldra/forráðamanna. Á sameiginlegum fundi með foreldrum er farið yfir helstu atriði er varða leikskóladvölinu, hvað það þýðir að vera barn á leikskóla og hvernig aðlögun er háttað. Deildarstjórar taka á móti foreldrum, kynna deildina sem barnið er að byrja á og svara þeim spurningum sem upp koma hverju sinni. Mikilvægt er að náði samstarf og gagnkvæmt traust ríki í samskiptum kennara og foreldra/forráðamanna. Á heimasíðu leikskólans eru upplýsingar um skólann, starfsemina og það sem er efst á baugi hverju sinni. Við hverja deild leikskólans eru upplýsingatöflur/viðburðardagatal þar sem hægt er að fylgjast með starfinu frá degi til dags. Þá er skóladagatal á heimsíðu leikskólans ásamt helstu viðburðum sett inn þar. Þegar foreldrar/forráðamenn koma með börn sín og sækja þau í leikskólann er mikilvægt að nýta þann tíma til daglegra samskipta eins og kostur er.

Foreldraviðtöl

Deildarstjórar eða leikskólakennarar boða foreldra/forráðamenn í viðtal tvisvar á skólaárinu og oftast ef þörf krefur. Fyrri viðtalið er tekið að hausti og er þá aðallega verið að ræða líðan barns en seinna viðtal, að vori, er nýtt til að fara yfir þroskamát og fleira. Foreldrum gefst einnig tækifæri til þess að spyrja spurninga og veita upplýsingar um nemandann.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að starfa sem fagaðili gagnvart nemendum, foreldrum og skólafyrirvöldum varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfs. Foreldraráð fer yfir og gefur umsögn um faglegt starf í leikskólanum, skólanámskrá, skóladagatal og aðrar áætlanir, fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum. Jafnframt

Foreldrafélag

Foreldrafélag Vallarsels er félag foreldra/forráðamanna allra barna í leikskólanum. Leitað er til foreldra með ýmsum hætti til að fá fulltrúa í foreldrafélagið s.s. í fréttabréfi og tölvupósti. Tengiliður skólans við foreldrafélagið er aðstoðarleikskólastjóri. Foreldrafélag fundar eftir þörfum, eiga samráð í tölvupóstum og í gegnum facebook. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum, s.s leiksýningum, fyrirlestrum, jólasveinum og sumarhátíð í júní. Það að vera með virkt og öflugt foreldrafélag er mikill og ómetanlegur styrkur fyrir skólann. Það eru tveir fulltrúar foreldra af hverri deild.

Tengsl skólastiga

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Markmið samstarfsins er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og skapa þannig samfellu í námi barnsins, frá einu skólastigi til annars. Samstarfshópur sem samanstendur af fulltrúum frá leik- og grunnskóla vinnur að verkefninu. Haldnir eru samráðsfundir kennara á skólaárinu og nemendum jafnframt boðið upp á gagnkvæmar heimsóknir bæði á haust- og vorönn. Þá



fara elstu börn leikskólans í íþróttatíma í íþróttahús sem er einn liður í því að þau aðlagist einnig því umhverfi. Sundfélag Akraness hefur einnig boðið börnum í elsta árgangi að taka þátt í sundæfingum sem er einnig liður í því að börnin aðlagist sundlaug bæjarins.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmállinn er fyrirmynd skólanámskrár þar sem rödd barnsins er aðalatriðið, réttur barnsins til eigin skoðana og hugmynda eins og við viljum að speglist í framsetningu og framboði á leikefni í leikskólanum.

Að lokum

Börn muna ekki alltaf hvað við segjum en þau muna hvernig við fengum þeim til að líða.